

Skipulagsfulltrúi
Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 24. október 2018
UST201810-038/K.S.J.
10.04.00


Efni: Lýsing - Aðal- og deiliskipulag - Breyting - Ásar og Grundir - Garðabæ

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 3. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi á reit L6. Á reit L6 var áður áætlað að byggja aðeins íbúðir en í breytingartillögu er gert ráð fyrir að staðsetja þar Alþjóðaskóla og stækka íbúðasvæði á reitnum lítillega um leið.

Í lýsingu kemur fram að svæði fyrir Alþjóðaskólann og stækkun íbúðasvæðis fæst með því að minnka grænt svæði meðfram Vífilsstaðalæk sunnan Vífilsstaðarvegar. Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.3.12 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 að: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennungur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði.“ Umhverfisstofnun bendir á að þótt um læk sé að ræða en ekki á, þá er útivistargildi svæðisins mikið og mikilvægt að gönguleiðir séu meðfram læknum.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í áætluðu deiliskipulagi hvaða áhrif það muni hafa á útivist á svæðinu að opið svæði minnkar og hvaða áhrif það muni hafa á útivistargildi svæðis meðfram læknum að þrengt verður að honum. Einnig er mikilvægt að fram komi hvort og þá hvaða mótvægisáðgerðir eru hugsaðar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur